

Alþingi
Erindi nr. P 140/1803
komudagur 18.4.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Á fundi bæjarráðs Ölfuss í dag 18. apríl var tekið til umsagnar frumvarp til laga um veiðigjöld mál nr. 658.

Eftirfarandi bókun varðandi málið var samþykkt samhljóða:

"Bæjarráð Ölfuss mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem við eru höfð við jafn viðamikið og flókið frumvarp og fyrir liggur.

Til að átta sig á afleiðingum frumvarpsins er nauðsynlegt að fyrir liggja nákvæmari útreikningar óháðra aðila á afleiðingum þess fyrir einstök fyrirtæki og byggðalög.

Verði frumvarp þetta að lögum gæti það leitt af sér að byggðaröskun fylgdi í kjölfarið þar sem gjaldþrota fyrirtæki verða seld og sveitarsjóðir ekki í stakk búnir fjárhagslega til að nýta forkaupsrétt að aflaheimildum.

Óbreytt frumvarp gæti leitt af sér að aflaheimildir færðust á færri hendur en nú þegar er.

Miða þarf veiðigjald við að fyrirtæki geti greitt af skuldbindingum sínum áður en til greiðslu veiðigjalds kemur. Sér í lagi þegar viðkomandi fyrirtæki hafa skuldsett sig vegna fjárfestinga í aflaheimildum til að tryggja viðurværi sitt og starfsmanna sinna".

Þetta tilkynnist hér með.

Með bestu kveðjum

Guðni Pétursson
bæjarritari
Sveitarfélagsins Ölfuss
sími 480-3800 bréfasími 480-3801
guдни@olfus.is
www.olfus.is